

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1174 Arctic Sea Farm hf. - Ísafjarðardjúp	Aðalstræti 20 400 Ísafjörður				
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	10.9.2024	10.9.2024	5	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 1 skoðunatriða af 24. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 1 skoðunatriði, þar af 1 Alvarleg frávik og 0 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

24.9.2024

Alvarlegt frávik

Frávik

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Niðurstaða eftirlits

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arctic Sea Farm hf. - Ísafjarðardjúp
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 7008070450

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1 3

Tengiliðir

Guðmundur Ólafsson	8480473	gola@afish.is	Gæðastjóri
--------------------	---------	---------------	------------

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 10.09.2024

Alvarlegt frávik

Við reglubundna yfirferð Matvælastofnunar á innsendum gögnum úr framleiðsluskýrslum kom í ljós að 219.090 fiskar reyndust í kví SA02 á eldisvæðinu Sandeyri í Ísafjarðardjúpi.

Samkvæmt 1. mgr. 14. greinar reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum er ekki heimilt að vera með fleiri en 200.000 fiska í hverri kví.

Matvælastofnun fer fram á það að fjölda fiska í kví SA02 á Sandeyri verði komin undir 200.000 þann 20. september 2024 og að rekstrarleyfishafi sendi stofnuninni staðfestingu á að svo hafi verið gert.

Karl Steinar Óskarsson
karl.oskarsson@mast.is
Deildarstjóri fiskeldis
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.